



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 14. júlí 2026
2607883/999.00 JVK

Efni: Tillaga bæjarstjóra um að undirbúa niðurfellingu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og móta drög að nýjum samþykktum

Þann 19. júní sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Jafnframt voru samþykkt ný lög á sama tíma um Stofnun atvinnuveganna. Megininntak þessara breytinga felst í því að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna verða lagðar niður frá og með 1. janúar 2027 og verkefni heilbrigðisnefnda færð til Stofnunar atvinnuveganna og Umhverfis- og orkustofnunar.

Samkvæmt lagabreytingunum er þó gert ráð fyrir að sveitarfélögin geti sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en framkoma í þeim, enda falli þau undir lögin.

Ljóst er að yfirfara þarf allar samþykktir sveitarfélagsins varðandi málaflokka á borð við gæludýrahald, meðferð úrgangs og skolps, gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu og ábyrgðartryggingar svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf að yfirfara aðalskipulagskröfur og deiliskipulagsskilmála þar sem ákvæði eru um hlutverk heilbrigðisnefnda, s.s. eftirfylgni með ákveðinni starfsemi, mælingum á loftgæðum, vöktun á verndarsvæðum, sýnatökum af yfirborðsvatni og úr sjó og umsjón með svifryksmælingum.

Samráð hefur verið haft við Samband íslenskra sveitarfélaga frá ráðuneytum um þessi atriði, en engar leiðbeiningar eða upplýsingar liggja frammi varðandi þau atriði sem gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sinni.

Í ljósi þessa leggur bæjarstjóri til að málinu verði vísað til rýni lögfræðipjónustu vegna stöðu sveitarfélagsins í kjölfar áðurnefndra lagabreytinga.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

